



**336. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn fundarsal C í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 30. mars 2023 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Olga Bjarnadóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri.**

**Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Úlfur H. Hróbjartsson.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Fjármálaupplýsingar**

###### *-Ársreikningur ÍSÍ 2022*

Atli Þór Jóhannsson löggiltur endurskoðandi hjá PWC, sem stýrir endurskoðun ársreiknings ÍSÍ, kom inn á fundinn ásamt þeim Kára Steini Reynissyni rekstrarstjóra ÍSÍ og Steinunni Önnu Í. Tómasdóttur gjaldkera skrifstofu.

Atli Þór fór yfir lykilþætti ársreiknings ÍSÍ og fór, ásamt Steinunni Önnu, yfir sundurliðun og skýringar.

###### *-Skýrsla endurskoðenda*

Atli Þór fór yfir skýrslu endurskoðanda. Þrjár minniháttar athugasemdir eru settar fram í skýrslunni sem vonast er til að náist að bæta á milli ára.

Fram kom að félagskjörnir skoðunarmenn ÍSÍ eru einnig búnir að fara yfir ársreikninginn og staðfesta.

Framsettur ársreikningur samþykktur samhljóða.

Forseti og gjaldkeri þökkðu Atla Þór, Steinunni og Kára Steini fyrir þeirra miklu vinnu við gerð ársreikningsins og endurskoðun hans. Þau fóru síðan af fundi.

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti tillögu að fjárhagsáætlun ÍSÍ fyrir árið 2023. Verið er að vinna áætlunina fyrir árið 2024. Lögð verður fyrir Íþróttáþing tillaga um fjárhagsáætlun til tveggja ára.

##### **2. Upplýsingafundur forseta IOC varðandi þátttöku Rússa og Belarúsa í alþjóðlegu íþróttastarfi**

Forseti skýrði frá fjarfundi forseta IOC þar sem fjallað var um þátttöku Rússa og Belarús í alþjóðlegu íþróttastarfi. Miklar líkur eru á því að einstaklingum frá þessum löndum verði gefin heimild til skilyrtrar þátttöku í alþjóðlegri keppni en liðum verði ekki heimilað að taka þátt.

Öll Norðurlöndin eru á móti því, enn sem áður, að heimila þátttöku enda ekkert breyst varðandi stríðið í Úkraínu. Hins vegar eru fjölmörg lönd, sem eru fjarri Evrópu, með því að heimila þessum þjóðum þátttöku á ný og því getur meirihluti atkvæða fallið þannig ef/þegar kosið verður um.

##### **3. Íþróttáþing ÍSÍ**

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning Íþróttáþingsins.

Rætt um fyrirkomulag, drög að tillögum til lagabreytinga, drög að almennum tillögum og annað er viðkemur undirbúningi fyrir þing. Skilafrestur tillagna frá sambandsaðilum rennur út 5. apríl nk.

#### **4. Ferðasjóður íþróttafélaga**

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti með rafrænum hætti í tölvupósti tillögu vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga um úthlutun styrkja vegna ferðakostnaðar á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót innanlands. Alls var úthlutað að þessu sinni 123,9 milljónum króna. Samþykktin hér með formlega bókuð.

#### **5. Skipunarbréf fulltrúa ÍSÍ í starfshóp um hestaíþróttir og starfshóp um almenningsíþróttir**

Borist hafa eftirfarandi skipunarbréf:

- Hildur Karen Aðalsteinsdóttir hefur verið skipuð fulltrúi ÍSÍ í starfshóp mennta- og barnamálaráðuneytis um eflingu almenningsíþróttar.
- Hákon Hákonarson hefur verið skipaður fulltrúi ÍSÍ í starfshóp mennta- og barnamálaráðuneytis um bætt aðgengi barna að hestamennsku.

#### **6. Fyrirmyndarhérað ÍSÍ**

Framkvæmdastjórn samþykkti með rafrænum hætti að USAH hljóti gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Andri Stefánsson framkvæmdastjóri afhenti viðurkenninguna á ársþingi USAH 23. mars sl. Tíu íþróttahéruð hafa þar með hlotið viðurkenninguna frá upphafi en níu viðurkenningar eru í gildi.

#### **7. Heiðranir**

Rafrænt samþykki framkvæmdastjórnar á milli funda um heiðranir formlega staðfest:

##### **KKÍ:**

Gullmerki – Guðbjörg Norðfjörð varaformaður KKÍ

Silfurmerki – Einar Karl Birgisson og Jón Bender

**USÚ:** Silfurmerki – Gestur Halldórsson, Golfkl. Hornafjarðar

##### **UMSK:**

Gullmerki – Einar Kristján Jónsson, Lárus Brynjar Lárusson, Þorsteinn Þorbergsson.

Silfurmerki – Ása Dagný Gunnarsdóttir, Einar Tómasson, Hólmfríður Kristjánsdóttir, Jóhann Þór Jónsson, Kristján Guðlaugsson.

**UMSS:** Silfurmerki – Hjörtur Geirmundsson og Magnús Helgason

##### **HSK:**

Gullmerki – Óskar Pálsson og Katrín Aðalbjörnsdóttir

Silfurmerki – Gestur Einarsson

Viðurkenningarnar voru afhentar á ársþingum hjá viðkomandi sambandsaðilum ÍSÍ.

Umræður urðu um afgreiðslu heiðrana, stuttan fyrirvara og rökstuðning. Skrifstofu falið að skoða leiðir til að ná fram betri stöðlun á tilnefningum og rýmri fyrirvara.

#### **8. Fundargerðir**

**Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:**

- 335. fundar framkvæmdastjórnar
- Fundar Afrekssjóðs ÍSÍ frá 8., 23. og 28. mars 2023
- Málaskrá skrifstofu

**9. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru. Mönnun á ársþing sambandsaðila hefur gengið vel til þessa. Fundarmenn minntir á þingin sem framundan eru.

**10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 11. apríl og 17. apríl.

**11. Önnur mál**

*Afrekssjóður ÍSÍ*

Knútur G. Hauksson ræddi málefni Afrekssjóðs ÍSÍ, skýrði frá fundum sem haldnir voru með sambandsaðilum og kynnti þá vinnu sem er í gangi varðandi endurskoðun á reglum sjóðsins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari